

Ed.

126. Nefndarálit

[99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég mæli með því, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að taka þetta framkvæmdalán.

Hins vegar er ég því ekki samþykkur, sem segir í fyrsta málslið 2. gr. frumvarpsins, að ríkisstjórnin ákveði skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda.

Ég geti ekki heldur átt samleið með meiri hl. fjárhagsnefndar, sem hefur gengið inn á að leggja til, að ríkisstjórnin skipti lánsfénu í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.

Ég tel, að Alþingi sjálf eigi að ráðstafa lánsfénu fyrir opnum tjöldum með lagasetningu. Sú venja hefur tíðkast, og frá henni er ekki rétt að víkja, — og allra sízt þegar um miklar fjárhæðir er að ræða.

Hlutverk fjárveitinganefndar er að vera ráðgefandi, en ekki löggefandi.

Í frumvarpinu segir: „Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.“

Þessum sjónarmiðum um lánsfjárskiptinguna er ég fyllilega samþykkur. En margt kallar að einmitt í þessum efnunum, og skipting fjárins getur þar af leiðandi orðið vandasöm, ef hún á að vera réttlát og svo heppileg sem verða má fyrir þjóðarhag.

Hér er um að ræða 240 milljónir króna, sem er álika há fjárhæð og sú upphæð er, sem skv. fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1963 á að verja samtals til raforkumála, vegamála, samgangna á sjó, vitamála og hafnargerða, flugmála og sjávarútvegsamála.

Þetta er því stórt mál, sem eðlilegast er í alla staði, að Alþingi sjálf fjalli um, svo að öllum þingheimi gefist kostur á að gera tillögur um skiptinguna, eins og á sér ófrávíkjanlega stað, þegar ráðstafað er framkvæmdafé fjárlaga.

Vel er skiljanlegt, að ríkisstjórnin hafi ekki á takteinum, eins og sakir standa, tillögur um skiptingu lánsfjárins við afgreiðslu þessa frumvarps, sem hraða þarf afgreiðslu á.

Þeir þingmenn, sem ekkert vissu, hvað til stóð, fyrr en ríkisstjórnin lagði þetta lántökufrumvarp fram, hafa auðvitað enn síður skilyrði til að hafa skiptingartillögur á reiðum höndum. En þetta þarf ekkert að saka. Frumvarp um heimild til lántökunnar má vitanlega afgreiða strax, en setja lög um skiptinguna seinna í vetur á þessu þingi.

Leyfi ég mér að flytja á sérstöku þingskjali brtt. við 2. gr. frumvarpsins. Felur sú tillaga í sér, að lánsfénu skuli ráðstafað með sérstökum lögum.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Karl Kristjánsson.